

Leikskólinn Baugur



Starfsáætlun
2021-2022

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Um leikskólann	5
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	5
Námskrá, stefna, kennslufræðilegar áherslur og skipulag.....	5
Starfsáætlun næsta leikskólaárs.....	6
Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	6
Þróunar- og nýbreytnistarf	9
Ný hugmyndafræði.....	9
Lausnarteymi	10
Heimsmarkmið/ Barnasáttmáli	10
Sérkennsludeild	11
Blær Brúar bilið.....	11
Blær Brúar bilið – Hugað að sérkennslu	12
Sögupokar í hlutverki sagnaseiðs	12
Aldursblöndun	13
Starfsmenn.....	14
Starfsmannastefna.....	14
Samsetning starfsmannahópsins.....	15
Fundir.....	15
Skipulagsdagar.....	16
Starfsþróun.....	16
Börnin.....	17
Sérkennsla	17
Foreldrasamstarf.....	19
Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs.....	20

Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	20
Fræðsla og upplýsingar til foreldra.....	20
Foreldraráð.....	21
Foreldrafélag.....	21
Samstarf.....	21
Samstarf við grunnskóla	21
Nemar	21
Öryggismál	21
Innra eftirlit.....	22
Áfallaráð	22
Viðhald	22
Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsári.....	22
Innra mat	22
Námssvið	23
Dagskipulag.....	23
Ytra mat.....	24
Umbótaáætlanir	24
Foss umbótaáætlun	25
Lundur umbótaáætlun.....	25
Mýri umbótaáætlun.....	25
Rjóður umbótaáætlun	26
Brekka umbótaáætlun	27
Hlíð umbótaáætlun	27
Umbótaáætlun vegna endurmats	28
Lokaorð	28
Umsögn foreldraráðs	29

Umsögn foreldraráðs	29
Skóladagatal	30

Inngangur

Leikskólinn Baugur eins og aðrir leikskólar Kópavogsbæjar starfar eftir aðalnámskrá leikskóla. Í henni kemur fram fagleg stefnumörkun og lýsing á sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf.

Starfsáætlun þessi inniheldur almennar upplýsingar um leikskólann Baug ásamt samantekt síðasta vetrar og áætlunum fyrir næsta vetur. Skóladagatal er sem viðauki en þar er að finna alla helstu viðburði skólaársins.

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Baugur er átta deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Alls geta 143 börn dvalið samtímis í 4 – 9 klukkustundir í leikskólanum. Heildarrými leikskólans er: 1050,7m² eða 7,347 m² á hvert barn, leikrými: 538m² sem gerir 3,76 m² á barn.

Leikskólinn skiptist í þrennt, tveir gangar með þremur deildum hvor og lausar stofur með tveimur deildum. Á öðrum ganginum eru deildarnar Lundur, Brekka og Klettur en þar dvelja yngstu börn leikskólans. Á hinum ganginum eru deildarnar, Mýri, Foss og Tjörn og þar eru börn á aldrinum 3-4/5 ára. Elsti árgangur leikskólans ásamt hóp af næst elsta árgangi eru í lausu stofunum en það hús er kallað Skógur og deildarnar þar heita Hlíð og Rjóður. Baugur er opinn leikskóli, þ.e. að deildarnar eru ekki mjög stórar, en stór svæði skólans eru samnýtt af flestum deildum, s.s. hreyfisalur, listasmiðjur, bókasafn o.fl. ásamt miðju hússins sem er matsalur.

Námskrá, stefna, kennslufræðilegar áherslur og skipulag

Leikskólinn er lifandi samfélag í stöðugri þróun, þar sem börn og starfsmenn geta verið í góðu og jákvæðu sambandi hvert við annað. Í leiknum eru börn að skapa út frá eigin hugarheimi, þau taka ákvarðanir á eigin forsendum og læra að leita lausna. Leikur skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Til að þróa gagnrýna hugsun hjá börnum þarf að kenna þeim að skilgreina hluti, með því að sjá þá innan frá og frá öllum hliðum. Veganesti barnanna út í lífið er byggt á reynslu þeirra sjálfra. Kennarar/starfsfólk hlúir að sköpunargáfu barnanna sem þau öðlast með vinnu sinni við að athuga umheiminn, ræða það sem upp kemur og vinna úr því.

Mikil áhersla er lögð á að hlustað sé á barnið af athygli og starfsmenn treysta getu og hæfni hvers barns til að efla eigin þekkingu og hvetja þau til að nýta hæfileika sína.

Í Baugi er lögð áhersla á að borin sé virðing fyrir upplifun barnanna, að hlustað sé á þau og þeim sýndur skilningur á bæði jákvæðum og neikvæðum tilfinningum. Börnin fá að vinna á sínum forsendum og áhuga og kennarar/starfsfólk skapar umhverfi þar sem í boði er mismunandi efniviður með það að markmiði að börnin uppgötvu og læri með því að prófa sig áfram. Þegar börnin vinna í hóp læra þau að þekkja hvort annað og treysta hvort öðru sem eflir sjálfstæði þeirra og virkni, eykur samskiptahæfni og byggir grunn að samvinnufærni og vináttu.

Til grundvallar starfinu í Baugi liggur *Uppbyggingastefnan* eða *Uppeldi til ábyrgðar* en hún miðar að því að ná samstöðu um þau lífsgildi sem markmiðið er að hafa að leiðarljósi í skólanum og fylgja þeim síðan með fáum og skýrum reglum. Stefnan miðar að því að kenna börnum sjálfsstjórn og sjálfsaga, jafnframt því að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. *Sjá meira í kaflanum -Þróunar og nýbreytnistarf*

Kennarar koma til móts við námsþarfir barnanna og veita verkefni sem hafa áhuga og þroska hvers og eins þar sem áhugasvið og styrkleikar einstaklingsins eru nýttir. Hlutverk kennarans er að vera til staðar, fanga áhuga barnanna og útfæra verkefnið út frá getu og þroska hvers og eins.

Við nýtum okkur fjölbreytt kennsluefni og ber þar helst að nefna Vináttuverkefni Barnaheilla og Lubbi finnur málbein. Vinátta er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum, fyrstu bekkjum grunnskóla og dagforeldrum. Kennsluleiðbeiningarnar eru mjög góðar en hvatt er til samtala og leikja með börnum sem byggja á gildum verkefnisins; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Lubbi finnur málbein er kennsluefni sem miðar að því að kenna íslensku mállhljóðin í gegnum söng og skemmtilegar æfingar.

Námskrá Baugs er í endurskoðun og gerum við ráð fyrir að drög liggi fyrir upp úr áramótum 2021/2022.

Starfsáætlun næsta leikskólaárs

Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

- Afmælis dagar: börnin búa til kórónu, fá að velja sér afmælisdisk og glas fyrir matartímann og fá að hafa rafkerti. Tekin er mynd af afmælisbarni, hún prentuð

út fyrir barnið sem myndskreytir kringum myndina af sér og fær með sér heim. Afmælissöngur er sungin í samverustund.

- Afmæli leikskólans er 3. október og í tilefni þess verður sameiginleg söngstund í Turni og pizzaveisla í hádeginu og súkkulaði kaka í kaffinu mánudaginn 4. október.
- Bleikur dagur er 15. október en þá eru allir hvattir til að mæta í eða með eitthvað bleikt.
- Í tilefni af alþjóðlega bangsadeginum, 27. október ætlum við að hafa kósýdag. Börn og kennarar koma með uppáhalds bangsann sinn og klæðast náttfötum. Lesnar verða bangsasögur og sungin bangsalög.
- Baráttudagur gegn einelti er 8. nóvember, markmiðið með deginum er að vekja sérstaka athygli á málefnum. Við ræðum við börnin um mikilvægi jákvæðra og uppbyggilegra samskipta, vináttu og að vera góð við hvort annað. Af þessu tilefni mun elsti árgangur Baugs ásamt vinum okkar í Kór, Austurkór og Hörðuvallaskóla fara í „Vináttugöngu“ þann 5. nóvember. Þennan dag á Blær líka afmæli og munum við gera honum hátt undir höfði.
- Dagur íslenskrar tungu er haldinn ár hvert þann 16. nóvember en þann dag fæddist Jónas Hallgrímsson. Við höldum upp á daginn og hittumst í turni og syngjum saman ásamt því að hylla Lubba (Lubbi finnur málbein) því hann á afmæli.
- Bakstur verður vikuna síðustu vikuna í nóvember. Öll börnin baka smákökur sem verða í boði eftir Ljósagönguna.
- Ljósaganga verður 3. desember kl. 8:15 í tilefni af vígsludegi Baugs. Börn og foreldrar hittast og syngja saman og ganga síðan saman í kringum leikskólann með vasaljós sem allir koma með að heiman. Eftir gönguna er jólatrésskrautsverkstæði í matsal skólans og öllum boðið upp á heitt kakó með rjóma og smákökur inni á deildum barnanna.
- Jólaball á vegum foreldrafélags leikskólans verður haldið í desember í sal Hörðuvallaskóla. Þar er sungið og dansað í kringum jólatré og jólasveinn kemur í heimsókn.
- 10. desember er jólasamvera fyrir börn og kennara. Þá er sungið og gengið í kringum jólatré, jólaleikrit eða jólasögur verða í boði leikskólans. Í hádeginu verður boðið upp á jólamat.
- 1. febrúar höldum við kaffiboð þar sem forráðamönnum barnanna er boðið í heimsókn.

- Á þorranum er haldið þorrablot fyrir börn og starfsmenn. Þá er boðið upp á þjóðlegan mat, ættjarðarsöngvar sungnir, kennarar fræða börnin um gamla daga og þjóðlega siði.
- 6. febrúar er Dagur leikskólans en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Allir sem koma að málefnum leikskólans á einn eða annan hátt eru hvattir til að halda Degi leikskólans á lofti og sett verður upp einhverskonar sýning af því tilefni.
- Bolludagur, boðið er upp á fiskibollur í hádeginu og rjómabollur í síðdegishressingunni.
- Sprengidagur, boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádeginu.
- Öskudagur, haldið er furðufataball í sal leikskólans og á hverri deild er slegið köttinn úr tunnuni sem inniheldur eitthvað góðgæti. Í hádeginu er pylsupartí.
- Útskriftarferð elstu barnanna verður farin í maí. Farið verður í dagsferð á Úlfjótssvatn.
- Útskrift elstu barnanna verður í lok maí í sal Hörðuvallaskóla. Foreldrar og aðrir gestir boðnir velkomnir. Börnin eru formlega útskrifuð og fá afhent útskriftarskjal, tré og ferilmöppuna sína. Foreldrar og leikskólinn koma með góðgæti á hlaðborð.
- Sveitaferð á vegum foreldrafélagsins er farin í maí.
- Heilsuvika er 7.–9. júní. Þá er rætt um mikilvægi heilsu og heilbrigðs lífnis, bæði andlega og líkamlega. Börnin mega koma með hjól einn daginn þessa viku. Á föstudeginum mega öll börnin koma með ávexti eða grænmeti á sameiginlegt hlaðborð inni á deildum.
- Guðmundarlundur: tveir elstu árgangar leikskólans fara gangandi í lundinn og farið er í leiki og pylsur grillaðar í hádeginu.
- Magnúsarlundur verður nýttur þar sem hann er í göngufæri við leikskólann og býður upp á ýmsa möguleika.
- Sumarhátíð leikskólans 23. júní í samstarfi við foreldrafélagið. Foreldrar, systkini, afar og ömmur eru velkomin. Boðið verður upp á leiki, hoppukastala, leiksýningu, og hressingu.

*Sjá einnig í skóladagatali leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

Ný hugmyndafræði

Veturinn 2021-2022 munum við í Baug halda áfram innleiðingu nýrrar hugmyndafræði, Uppeldi til ábyrgðar/uppbyggingarstefnuna (e. restitution). Meginmarkmiðið er að kenna börnum ábyrga hegðun og sjálfstjórn með því að gefa þeim tækifæri til að leiðrétta mistök sín og kenna þeim að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt. Litið er á hugtakið mistök sem eðlilegan þátt í lærdómsferli, það sé eðlilegt að gera mistök og að mistökin nýtist sem ákveðið skref í þroska. Barnið fær tækifæri til að takast á við mistök sín á uppbyggilegan hátt, skoða hvað það var sem það gerði rangt og hvað það hefði getað gert öðruvísi. Barnið lærir smátt og smátt að bæta fyrir mistök sín og finnur hvernig það öðlast sjálfstjórn og aukinn styrk.

Hugmyndafræðin segir að orsök vanlíðanar og óæskilegrar hegðunar stafi af því að barnið nái ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á jákvæðan hátt. Hinar andlegu grunnþarfir eru flokkaðar í fimm flokka:


Öryggi: Líkamlegar þarfir og líkamleg skynjun. Þessar þarfir þarf að uppfylla þegar við erum þyrst, svöng, þreytt eða köld, eitthvað sem hefur áhrif á líðan okkar og heilsu. Þetta á líka við þörfina fyrir að hafa húsaskjól, fæði og klæði.

Ást og umhyggja: Þörfin fyrir að tilheyra einhverjum félagslega, gefa og þiggja ást og umhyggju, finna viðurkenningu hópsins og vera þátttakandi í hópnunum.

Áhrifavald og stjórn: Þörfin fyrir að finna fyrir eigin getu, árangri, hæfileikum og mikilvægi. Þetta getur verið þörf fyrir að stjórna öðrum en fyrst og fremst er þetta þörfin fyrir sjálfstjórn, stjórn á eigin viðfangsefnum, aðstæðum og lífi.

Frelsi og sjálfstæði: Þörfin fyrir að hafa val, sjálfstæði, skapandi aðstæður og sveigjanleika.

Gleði og ánægja: Þörfin fyrir að læra eitthvað nýtt, hafa gaman og skemmta sér.



Í vetur munum við áfram einbeita okkur að fræðslu fyrir starfsfólk og leggja þarf sérstaka áherslu á að auka svigrúm, fækka reglum og innleiða lýðræðisleg vinnubrögð. Hugað verður að starfi með börnunum þar sem við munum byrja að kynna inntak stefnunnar fyrir þeim og vinna með þeim verkefni. Börnin munu fá fræðslu um grunnþarfirnar, gerðir verða deildarsáttmálar þar sem börnin setja fram reglur sem þau vilja hafa ríkjandi og fá þau til að velta fyrir sér hvernig umhverfi þau vilja sjálf vera í. Vissulega er horft til aldurs og þroska barnanna við þessa vinnu og innleiðingin sniðin að hverjum aldurshóp.




Í maí 2022 er stefnt að námsferð þar sem einn helsti sérfræðingur stefnunnar mun halda fyrir okkur námskeið um hvernig ber að nýta hugmyndafræðina í vinnu með ungum börnum.

Lausnar-teymi

Sett hefur verið á laggirnar lausnar-teymi sem tekur til umfjöllunar mál er varða erfiða hegðun og hugsanleg þroskafrávik og veitir ráðgjöf og hugmyndir að úrræðum. Teymið hittist einu sinni í mánuði og tekur fyrir þau mál/beiðnir sem borist hafa. Markmið teymisins er að veita snemmtæka íhlutun þar sem börn fá stuðning og þjálfun við hæfi í tæka tíð. Í vetur munum við þróa þessa vinnu með tilliti til aðferða og skipulags.

Heimsmarkmið/ Barnasáttmáli

Kópavogsbær er í vinnu við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í stefnu sinni. Kópavogur er fyrsta sveitarfélag á Íslandi til þess að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með formlegum hætti. Í vetur er markmiðið að vinna áfram með þá kortlagningu sem gerð var í fyrra. Þá urðu fyrir valinu þrjú markmið - *Heilsa og vellíðan*, – *Menntun fyrir alla* og – *Ábyrg neysla og framleiðsla*. Þetta ætlum við að flétta saman við Barnasáttmálann og gera sýnilegt í starfinu okkar. Sett hefur verið nefnd í þetta málefni og munum við sækja um styrk til að sækja námskeið sem haldið verður í Belgíu á næsta ári.

 <p>3 HEILSA OG VELLÍÐAN</p>	 <p>4 MENNTUN FYRIR ALLA</p>	 <p>12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar</p> <p>3.4</p> <ul style="list-style-type: none"> ➢ Geðheilbrigði. Vinnum með tilfinningar og vináttu = Blær ➢ Vellíðan í leikskólanum = Blær ➢ Hollur matur – útivera ➢ Hafa íþróttir fyrir börn ódýrari/ókeypiss ➢ Skipulagðar hreyfistundir – Má bæta ➢ Útivera a.m.k. 1x á dag ➢ Vettvangsferðir <p>3.6</p> <ul style="list-style-type: none"> ➢ Fylgjum næringarstefnu Kópavogsbæjar ➢ Þjóðum upp á morgunmat og ávexti ➢ Snemmtæk íhlutun þegar við sjáum merki um vanlíðan og veikindi, andleg og líkamleg ➢ Fórum reglulega yfir umferðarreglur ➢ Erum í endurskynsvestum í vettvangsferðum ➢ Erum vakandi fyrir réttum öryggisbúnaði barna í bilum foreldra og Tilkynna til Barnaverndar ef þarf 	<p>Tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi</p> <p>4.7</p> <ul style="list-style-type: none"> ➢ Sama aðgengi að menntun óháð búsetu ➢ Mikilvægt að stuðla að samræður um daglegar venjur ➢ Fræða um ólíka menningarheima ➢ Efla stelpur í tæknimenntun ➢ Auka læsi ➢ Efla ritfærni ➢ Blær – Vinátta og samskiptafærni ➢ Lubbi- málhjóð, lestur, ritun, allt læsi 	<p>Tryggja sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur</p> <p>12.7</p> <ul style="list-style-type: none"> ➢ Notum endurnýtanlegan efnivið ➢ Huga að góðum og endurnýja leikfangasafn ➢ Safna einni tegund í stað margra (leikfanga) ➢ Einn pappír er nóg fyrir litlar hendur (eftir handþvott) ➢ Kaupa innlands matvöru sem er sem næst leikskólanum ➢ Stuðla að því að kaupa ferskt íslenskt grænmeti ➢ Flokka betur og meira/endurvinnsla ➢ Minnka matarsóun ➢ Við notum opinn efnivið í skapandi starf með börnum ➢ Nýtum trékassa og pappakassa í útiveru, í sandkassa, sem snjópotur o.þ.h. ➢ Fáum afklippur og „ónýttan“ pappír frá prentsmiðjum ➢ Við gætum verið duglegri að nýta smjöldalla og mjólkurkassa

Sérkennsludeild

Í vetur ætlum við að prófa nýtt skipulag er varðar sérkennslu hjá okkur í Baugi. Í stað þess að úthlutaðir sérkennslutímar séu reiknaðir inn á deildir þá er rekin sérkennsludeild sem úthlutar sérkennurum og leiðbeinendum inn á deildirnar eftir því sem við á hverju sinni. Starfsfólk sérkennsludeildarinnar hittist á fundum einu sinni í viku og fara þar yfir málefni barnanna og skipuleggja framhaldið. Með þessu móti er markmiðið að ná betur utanum sérkennslumálin með samræmdum starfsaðferðum, að sérkennslan sé markvissari og að sérkennsluteymið tilheyri hóp/deild.

Blær Brúar bilið

Leikskólinn Baugur, Hörðuvallaskóli og leikskólarnir Kór og Austurkór hófu vinnu þróunarverkefnis í janúar 2019 og verður sú vinna áframhaldandi næsta skólaár. Heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á framgang verkefnisins er í vetur er markmiðið að klára ferla og samþætta námskrár með tilliti til verkefnisins.

Markmið verkefnisins er; -að tengja saman leik- og grunnskóla með vináttuverkefninu Blæ. Kennarar á báðum skólastigum fara á námskeið hjá Barnaheill og fræðast meira um verkefnið og vinna saman að því að þróa leiðir til samvinnu með Blæ og boðskapinn sem honum fylgir að leiðarljósi, -að breyta orðræðunni þannig að börnin séu að læra á lífið og efla þroska sinn sem einstaklingar, ekki að undirbúa sig fyrir næsta skólastig eins og orðræðan hefur gjarna verið, -að búa til kynningarefni fyrir foreldra og aðra í skólasamfélaginu með áherslu á stífganda í námi barnanna frá upphafi leikskólagöngu til fyrstu ára í grunnskóla. Skrá og gera aðgengilega verkferla um samstarf skólastiganna bæði hvað varðar nám barnanna og skipulag starfsins, -að kynna fyrir foreldrum samstarf skólastiganna, hvetja til aðlögunar í sumardvöl og skoða þátttökuáðlögun á þeim tímamótum, -að efla samtal og samvinnu kennara beggja skólastiga með því að skapa svigrúm og aðstæður til slíks, m.a. með námskeiðum, heimsóknnum og fundum og -að skapa samtal milli leik- og grunnskóla þar sem námsskrár beggja skólastiga eru tengdar saman þannig að betri samfella verði í námi barna.

Þessum markmiðum er stefnt að að ná m.a. með því að vinna markvisst með vináttuverkefnið Blæ sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti, en unnið hefur verið með verkefnið í öllum þátttökuskólunum síðustu ár og því hentaði vel að nýta þetta verkefni til að tengja alla skólana saman. Í dag er mjög gott samstarf milli leik- og grunnskóla hverfisins. Með verkefninu

viljum gera betur í samfellu námsins. Skólaheimsóknir kennara milli skólastiga án nemenda er einn liður í þeirri viðleitni, en rannsóknir sýna að góð þekking kennara á báðum skólastigum er mjög mikilvæg til að auka samfellu í námi barnanna. Eins viljum við horfa til orðræðu og framsetningu námskrár. Það gerum við m.a. með kynningarefni. Þá viljum við gera gott samstarf enn betra með því skilgreina enn betur hlutverk allra hlutaðeigandi í því.

Blær Brúar bilið – Hugað að sérkennslu

Þróunarverkefnið *Blær brúar bilið – Hugað að sérkennslu* miðar að því að búa til teymi sem hugar sérstaklega að börnum með skilgreind frávík við skilin milli skólastiga. Mikilvægt er að skapa samtal milli leik- og grunnskóla þar sem námsskrár beggja skólastiga eru tengdar saman þannig að betri samfella verði í námi barna.

Þróunarverkefnið „Blær brúar bilið“ hófst í ársbyrjun 2019 en um er að ræða umfangsmikið verkefni sem miðar að því að skapa öflugt og markvisst samstarf hverfissskóla Kórahverfis. Við viljum dýpka verkefnið enn meira og búa til teymi sem hugar sérstaklega að börnum með skilgreind frávík við skilin milli skólastiga. Skapa samtal milli leik- og grunnskóla þar sem námsskrár beggja skólastiga eru tengdar saman þannig að betri samfella verði í námi barna. Hugmyndin er að gera verkferla um samfellu í námi barna með skilgreind frávík og var ætlunin að sú vinna færi af stað snemma árs 2020 en við komumst ekki eins langt og til stóð vegna Covid 19. Við munum hins vegar bretta upp ermar nú á haustmánuðum og vinna markvisst að gerð verkferla. Megin markmið verkefnisins er að skapa brú/samfellu í einstaklingsnámskrá barna með skilgreind frávík, þannig að íhlutun leikskólans fylgi yfir í grunnskóla.

Sögupokar í hlutverki sagnaseiðs

Í ársbyrjun 2020 fengum við 550.000 kr. þróunarstyrk sem við sóttum um vegna verkefnisins *Töfraveröldin sem birtist í bókum og áhrif hennar á sköpunarkraft barna - Sögupokar í hlutverki sagnaseiðs*. Í Aðalnámskrá leikskóla segir að læsi sé forsenda lýðræðis í samfélagi þar sem einstaklingar þurfa að hafa skoðanaskipti og upplifa sig sem áhrifavalda. Markmiðið með verkefninu er að auka löngun barnanna til að læra að lesa. Þetta er gert í gegnum sögupoka sem eiga að vekja forvitni og styrkja hljóð- og málvitund. Tilgangurinn er að styðja við ofangreinda þætti með því að hanna námsefni í sögulestri sem vekur áhuga barnanna á því að vita meira og ýtir undir löngun þeirra til að skapa nýjar sögur sem þau eru sjálf þátttakendur í.

Sögupokar eru spennandi leið til þess m.a. að efla lesskilning barna, tjáningu, ályktunarhæfni, að setja sig í spor annarra, forvitni, trú á eigin getu, betri sjálfsmynd og getur skapað jákvæða mynd af bókum. Sögupokunum er gert að nýtast í almennri málörvun, samverustundum og til að afla íslenskukunnáttu margtýngdra barna.

Gerðir hafa verið 8 sögupokar eftir bókum íslenskra höfundar, fjórir fyrir eldri börn og fjórir sem henta yngri börnum. Í hverjum sögupoka eru bók, brúður og aðrir leikmunir sem styðja söguna, kassi með orðaspjöldum, rím, spurningum, hugtökum, samstöfur, samsett orð og fyrsta hljóð. Í vetur verða þessir frábæru sögupokar kynntir og innleiddir í markvissa málörvunarstarfið okkar í Baugi.

Aldursblöndun

Eftir miklar vangaveltur og samræður um umbætur og samfellu í leikskólagöngu Baugsbarna fengum við hugmynd um að breyta aldursröðun barna með því að hafa blandaðan aldur á deildum leikskólans. Megin hugmyndin spratt út frá umræðum um rauðan þráð í námi barnanna í leikskólanum og fannst okkur tilvalið að skoða leiðir til þess að sporna við örum umhverfisbreytingum með því að börnin færast sjaldnar á milli deilda. Niðurstaðan var að aldursblandaðar deildir myndu gefa okkur tækifæri til að stuðla að meiri stöðugleika fyrir börn og starfsfólk í leikskólanum.

Fyrirhugað var að ráðast í breytingarnar nú í haust en foreldrar óskuðu eftir lengri aðlögunartíma. Við tókum tillit til þess og munum nýta veturinn til að skipuleggja breytingarnar sem verða að veruleika eftir sumarfrí 2022. Við skipulagningu yngri gangs (Lundur, Brekka og Klettur) ákváðum við þó að aldurblanda en þar eru börnin einungis fædd árin 2019 og 2020.

Breytingin felst í því að aldursblanda deildum þannig að í leikskólanum verði þrjár deildir fyrir börn 1-3 ára (Lundur, Brekka og Klettur) og fimm deildir fyrir börn á aldrinum 3-6 ára (Mýri, Tjörn, Foss, Rjóður og Hlíð). Staðan verður skoðuð með tilliti til aldursdreifingar hvert haust fyrir sig.

Markmið aldursblöndunarinnar eru:

- Fleiri þroska- og námstækifæri
- Meiri stöðugleiki og öryggi fyrir börn þar sem þau færast sjaldan á milli deilda

- Betri nýting mannauðs
- Aukin teymisvinna þvert á deildir
- Betri nýting húsnæðis
- Betri nýting leikskólalássa

Aldursblöndun getur haft mjög jákvæð áhrif á félagslegan þroska barna og gefur færi á fjölbreyttari félagslegri skynjun en í aldurshreinum hópum. Í aldursblöndun eru hlutverk barnanna fjölbreytt þar sem áhersla á tillitsemi, hjálpsemi og samkennd er mikil. Eldri börn eru fyrirmyndir yngri barna og geta kennt þeim margt. Það eflir yngri börnin og eykur færni þeirra í daglegu starfi og getur skapað flóknari leikaðstæður sem er jákvæð leið til aukins þroska og lærdóms. Rannsóknir á samvinnunámi og félagastuðningi í námi benda til að samvinna og samskipti milli barna í getublönduðum hópum komi öllum til góða, hver sem þroskastaða þeirra er og að samvinnunám í blönduðum hópi sé eitt öflugasta námsform sem til er. Aldursblöndun skapar kjöraðstæður fyrir samvinnunám og félagstuðning í námi barna. Við komum til með að vinna þvert á deildir með alla árganga og nota flæði milli deilda í auknu mæli en þá fá börnin að fara milli deilda í fjölbreytt verkefni. Þó elstu börnin verði ekki öll saman á heimadeild munu þau vinna mikið saman og hittast á sameiginlegum svæðum leikskólans. Eitt af markmiðunum er einmitt að opna leikskólann okkar og leggja ríka áherslu á samvinnu í einu og öllu sem fjölbreyttari þroskatækifæri.

Starfsmenn

Starfsmannastefna

Lögð er áhersla á að við séum góð fyrirmynd í allri framkomu gagnvart öðrum og að hér ríki gott andrúmsloft, kennurum líði vel og hafi jákvætt viðhorf til starfsins í heild sinni. Við leitumst við að hafa gott upplýsingarstreymi, skýrar vinnureglur og hvetjum kennara til að sýna ábyrgð, frumkvæði og að þeir láti ljós sitt skína.

Samvinna og samstarf allra er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Starfsgleði og virðing fyrir sjálfum sér, börnunum og uppeldisstarfinu er grundvöllur þess að ná árangri í starfi leikskólans. Mikilvægt er að við vinnum eftir ákvörðunum og framfylgjum þeim. Nýir starfsmenn fá afhent lesefni með ýmsum upplýsingum um starfið og hugmyndafræðina.

Við viljum skapa starfsanda og starfsumhverfi sem er opið og þar sem skoðanaskipti geta átt sér stað. Við komum fram af virðingu hvort við annað og hrósum fyrir það sem vel er gert, erum með málefnalega gagnrýni og erum sjálf opin fyrir leiðsögn. Hver einstaklingur er metinn

út frá hæfileikum sínum og litið er á margbreytileika sem sjálfsagðan hlut og að það sé kostur. Með því að virkja jákvæða eiginleika og viðhorf verðum við góðar fyrirmyndir. Við treystum hvort öðru til að bera ábyrgð á eigin starfi og gætum þagmælsku um mál sem lúta að börnunum, kennurum og aðstæðum þeirra. Í Baugi er unnið út frá samskiptasáttmála starfsmanna sem gengur einmitt út á allt ofantalið.

Samsetning starfsmannahópsins

Veturinn 2020 – 2021 munu 52 starfsmenn starfa í leikskólanum í mismiklu starfshlutfalli. Starfsmannahaldið er mjög breytilegt, sérstaklega vegna veikindaleyfa, langtíma eða skammtíma veikindi.

Starfsheiti/menntun	Fjöldi
Leikskólakennarfr. B.ed.	2
Leikskólakennari (leyfisb.)	9
Leikskólakennari M.ed.	3
Önnur uppeldismenntun	4
Háskólamenntun önnur en uppeldismenntun	7
Leikskólaliði	4
Leiðbeinendur	21
Aðstoðarleikskólakennari	0
Starfsmenn í eldhúsi	2

Fundir

Í hverri viku eru haldnir nokkrir fundir en mikilvægt er fyrir teymi að koma saman til skrafs og ráðagerða.

- Deildastjórafundir eru einu sinni í viku.
- Fagfundir eru haldnir að lágmarki tvisvar sinnum á ári.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru með samráðsfundi á hverjum degi.

- Samráðsfundir leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra eru haldnir eftir þörfum.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fara í handleiðslu að meðaltali einu sinni í mánuði.
- Ýmsar nefndir funda a.m.k. einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir.
- Deildafundir eru haldnir einu sinni í viku eða aðra hvora viku.
- Gangafundir eru haldnir eftir þörfum.
- Starfsmannafundir tvisvar á ári.
- Leikskólastjórafundir eru haldnir einu sinni í mánuði

Fundaráætlun hefur verið gefin út með fyrirvara um breytingar.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru alla jafna fimm á ári en fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Baugur ætlar að sækja um þennan sjötta dag en fyrirhuguð er námsferð í tengslum við innleiðingu -Uppeldi til ábyrgðar.

Skólaárið 2021-2022 verða skipulagsdagar í leikskólanum Baug sem hér segir:

10.09.2021
 18.11.2021
 03.01.2021
 16.03.2021
 16.05.2021
 17.05.2021 (Aukadagur vegna námsferðar).

Starfsþróun

Síðasta skólaár tók veiran töluverðan toll og fyrirhuguð námskeið voru felld niður eða skipulögð í gegnum streymisveitur. Aðsókn í námskeið voru nokkuð minni en vanalega en þó fór hópur á vináttunámskeið/Blæ, við hlýddum á fyrirlestur um snemmtæka íhlutun, mat á skólastarfi, málþroska barna svo eitthvað sé nefnt.

Við höldum ótrauð áfram með hvers kyns starfsþróun því það er okkur mikilvægt að státa okkur af hæfu og áhugasömu starfsfólki. Með öflugri starfsþróun er líka verið að hlúa að kennurum/starfsfólki og starfsumhverfi þeirra. Starf í leikskóla er síbreytilegt og ögrandi og

hefur viðtæk samfélagsleg áhrif. Starfsánægja kennara er ein af forsendum árangursríks skólustarfs og ætti því starfsánægja að skila sér á jákvæðan hátt út í samfélagið.

Kópavogsbær hefur boðið upp á frábær námskeið sem við nýtum óspart ásamt fjölda annarra námskeiða sem við teljum að styrki okkur og okkar skólustarf.

Á döfinni er:

- Fyrirlestur um Uppeldi til ábyrgðar
- Fyrirlestur um ADHD-einkenni og krefjandi hegðun hjá börnum
- Námskeið í skyndihjálpi
- Námskeið í Vináttuverkefni/Blæ
- Þjálfun í uppeldi til ábyrgðar
- Námskeið fyrir stjórnendur

Börnin

Í maí 2020 útskrifuðust 27 börn úr leikskólanum en þau hættu öll við sumarfrí (8. júlí). Nokkur börn fengu flutning á aðra leikskóla. Skólaárið 2020 - 2021 verða 143 börn í leikskólanum. U.þ.b. 40 ný börn hafa innritast í leikskólann í ágúst/september og eru þau langflest fædd á árinu 2019.

Fæðingarár	Fjöldi
2016	32
2017	22
2018	38
2019	42
2020	6

Sérkennsla

Sérkennslan í leikskólanum er byggð á markmiðum Kópavogsbæjar um sérkennslu í leikskólum bæjarins. Lögð er áhersla á styrkleika barnsins með tilliti til þátttöku og virkni við dagleg störf svo barnið fái tækifæri til að upplifa og kanna á sínum forsendum. Sérkennslan tekur mið af þörfum hvers og eins og er unnin í nánú samráði og samstarfi við foreldra. Litið er á sérkennslu sem eðlilegan hluta af öllu starfi leikskólans en ekki aðgreint úrræði. Sérkennslan fer að mestu leyti fram inni á deildum en minni hópar (leikhópar) verða einnig teknir út af deild til að skapa rólegra umhverfi, draga úr áreiti og stuðla þannig að betri einbeitingu og úthaldi barnanna. Sérkennslustjóri heldur utan um gerð einstaklingsnámsskráa í samvinnu við deildarstjóra og

aðra sérkennara. Einstaklingsnámskránnar eru byggðar á upplýsingum foreldra og kennara úr daglegu starfi, athugunum á vegum sérfræðinga stoðþjónustunnar, athugunum og upplýsingum frá sérfræðingum. Markmið sérkennslunnar er að tryggja að öll börn fái notið leikskóladvalar sinnar þannig að ýtt sé undir alhliða þroska, sjálfstæði og vellíðan barnsins. Lögð er áhersla á styrkleika barnsins með tilliti til þátttöku og virkni við daglegt starf.

Skólaárið 2021-2022 eru 10 börn sem hljóta skilgreinda sérkennslu sem flokkast undir 1. og 2. Flokk. Í 1. flokk eru börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlunar, alvarlegrar þroskaröskunar, verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll, önnur hjálpartæki), verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu), blindu, heyrnarleysis, alvarlegrar málhömlunar eða vegna ýmissa heilkenna.. Í 2. flokk eru börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda vegna t.a.m. miðlungs þroskaröskunar, hreyfihömlunar, verulegrar sjón- eða heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar eða greindarskerðingar. Einnig alvarlega langveik börn sem þurfa verulega umönnun. Milli 40 og 50 börn hljóta þjónustu í 3. og 4. Flokk en það eru börn með með tilfinninga- og félagslega erfiðleika, alvarlegan athyglisbrest, ADHD, einbeitingarskort, hvatvísi eða ofvirkni. Börn sem þurfa töluverða aðstoð eða örvun vegna t.a.m. vægrar þroskaröskunar eða annarra þroskafrávika og börn sem þurfa á aðstoð að halda vegna t.a.m. málhömlunar, tvítyngis eða félags- og tilfinningalegra erfiðleika.

Áfram verður skimað eftir hverskyns frávikum sem skoðuð eru frekar ef þess telst þörf.

Það eru til fjölmörg matstæki sem hægt er að nota þegar unnið er að því að búa til einstaklingsmiðað nám. Tvö megin matstækin sem við í Baugi notum til að meta þroska barnanna eru Hljóm-2 og TRAS. Auk þeirra eru þrjú matstæki notuð: Efi-2, Íslenski málhljóðamælirinn og Gerd Strand. Þessi matstæki eru ekki einungis notuð þegar áhyggjur eru af þroska barns heldur einnig þegar við viljum fá betri heildarmynd af því hvar barn er stadd í sínu þroskaferli.

Hljóm-2 er íslenskt aldursbundið próftæki sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barnanna í leikskólanum. Niðurstöðurnar eru marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir síðari lestrarörðugleika og mikilvægar til þess að hægt sé að vinna markvisst með þá þætti sem hugsanlega liggja ekki vel fyrir börnunum. Þessi skimun er lögð fyrir öll elstu börnin að hausti til þegar þau fara á síðasta árið í leikskólanum.

TRAS er skráningarlisti sem leikskólakennarar nota til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með *TRAS* skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Þessi skimun er lögð fyrir öll börn í leikskólanum á þessu aldurskeiði á sex mánaða fresti.

Efi-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Það kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins. Með *Efi-2* er einkum verið að leita að börnum með hugsanlega málörðugleika sem hægt er að bæta úr með snemmtækri íhlutun.

Íslenski máhljóðamælirinn er skimunartæki í spjaldtölvu þar sem framburður íslensku máhljóðanna er skoðaður. Skimunin fer þannig fram að barninu eru sýndar myndir og beðin um að segja hvað er á myndinni. Út frá því er svo merkt við hvort að barnið beri orðið rétt fram eða hvort það séu einhver frávík í framburðinum. Í lok skimunar er samantekt sjálfkrafa tilbúin með upplýsingum um stöðu barnsins. Í forritinu eru innbyggð aldursviðmið og strax kemur í ljós hvort framburður barnsins samsvarar getu jafnaldra í framburði.

Gerd Strand er huglægur matslisti og á að gefa kennurum skýrari mynd af stöðu fjögurra ára barna. Þeir færniþættir sem eru metnir eru gróf- og fínhyfingar, hegðun, mál- og tal, virkni, samskipti og þekking. Þetta er spurningalisti sem kennarinn fyllir út og er ekki lagður sérstaklega fyrir barnið.

Eins og fram kemur í kaflanum *Þróunar og nýbreytnistarf* munum við í vetur þróa nýtt fyrirkomulag í sérkennslumálum sem felur í sér að í stað þess að úthluta sérkennslutímum á deildir úthlutum við sérkennunum/leiðbeinendum á deildir eftir því sem við á hverju sinni.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er afar mikilvægt og hefur jákvæð áhrif á leikskólastarfið í heild sinni þar sem það stuðlar að jákvæðari viðhorfum bæði hjá foreldrum og starfsfólki. Að kynnast starfsfólkinu, börnunum, foreldrum barnanna og leikskólastarfinu er grundvöllur þess að geta átt samræður við barnið um daginn og þannig er hægt að leiða það áfram í samræðum og efla þar með mál- og félagsþroska þess. Sýnt hefur verið fram á að það eykur vellíðan barna að finna að foreldrar hafi áhuga á því sem verið er að gera í leikskólanum og þekki vel til hans. Þannig fá börnin skilaboð um að það sem þau aðhafast á daginn er mikilvægt. Að taka þátt í

foreldrafélagi eða foreldraráði er besta leiðin til þess að kynnst leikskólanum vel og opnar einnig möguleika á því að geta haft áhrif á starfið og það umhverfi sem börnunum er búið í leikskólanum.

Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Mikilvægt er að foreldrar þekki kennara barnsins og annað starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Markmið með foreldrasamstarfi er að:

- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Foreldrar eru boðnir í ýmsa viðburði í leikskólanum s.s. ljósagöngu í desember, í tilefni af bónda- og konudegi, útskrift elstu barnanna, sveitaferð, sumarhátíð o.fl. Venjulega er þátttaka foreldra mjög góð og heyrir það til undantekninga ef ekki er mætt frá hverju barni á þá viðburði sem í boði eru.

Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Samstarf leikskólans við foreldra fer að miklu leyti í daglegum samskiptum þegar komið er með barn og það sótt. Deildarstjórar senda reglulega pósta sem greina frá skólastarfinu ásamt myndum en við notumst við SWAY til að deila myndefni með foreldrum. Heimasíða leikskólans miðlar fréttum frá leikskólanum og einnig geta foreldrar nálgast á heimasíðunni starfsáætlun, matseðla og margt fleira. Foreldrar fá sendan tölvupóst með tilkynningum um viðburði sem eru væntanlegir og öðrum upplýsingum og áminningum. Foreldrar eru ávallt velkomnir inn á deildir barna sinna til að fylgjast með börnunum í leik og starfi. Boðið er upp á foreldraviðtöl tvisvar sinnum á skólaárinu, eitt að hausti og annað að vori. Deildarstjórar og aðrir stjórnendur eru til viðtals eftir þörfum. Við nýtum Völu og Völu-appið óspart til að miðla upplýsingum og eiga samskipti við foreldra.

Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann eftir lögum um leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skólanefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar í leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum. Félagsaðild að því félagi er frjáls, eins og vera ber samkvæmt landslögum. Ekki hefur komið til þess að foreldrar óski þess að vera utan félagsins. Hefðir hafa skapast fyrir þeim verkefnum sem foreldrafélagið stendur fyrir á hverju ári.

Samstarf

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við Hörðuvallaskóla sem er okkar hverfisgrunnskóli. Skólaárið 2021-2022 eru 32 börn í elsta árgangi og allflest þeirra fara í Hörðuvallaskóla. Elsti árgangurinn mun fara í heimsóknir í grunnskólann og börn úr grunnskólanum munu koma í heimsókn til okkar í Baug. Leikskólinn Baugur fær reglulega að nýta salarkynni Hörðuvallaskóla fyrir ýmsa viðburði og börnin fara gjarnan í gönguferðir og leika sér á lóð Hörðuvallaskóla.

Nemar

Ekki er vitað um veru nema fyrr en síðar en við tökum fagnandi á móti nemum. Hjá okkur starfa þó nokkrir sem stunda nám í leikskólakennarafræðum og framhaldsnám á sviði stjórnunar og kennslu á leikskólastigi.

Öryggismál

Ef upp koma óhöpp eða önnur heilsufarsvandamál byrjum við ávallt á því að hringja í foreldra. Ef um alvarleg slys er að ræða þá er hringt fyrst á sjúkrahúsið og síðan í foreldra. Öll slys og mál er varða öryggismál eru skráð í Atvik sem er rafrænt kerfi sem heldur utanum hvers kyns öryggisskráningar.

Á hverri deild er mappa með upplýsingum um hvert barn á deildinni með símanúmerum forráðamanna, bráðablað með upplýsingum um hvern má hafa samband við ef ekki næst í forráðamenn, heilsufarsástand barna o.fl. Einn kennari gegnir hlutverki öryggistrúnaðarmanns og aðstoðarleikskólastjóri hlutverki öryggisvarðar. Aðstoðarleikskólastjóri gerir mánaðarlegt eldvarnareftirlit í lok hvers mánaðar og árlegt eldvarnareftirlit í lok hvers árs.

Innra eftirlit

Deildar skipta á milli sín að ganga garðinn á hverjum morgni í þeim tilgangi að hreinsa rusl og greina slyshættur. Deildarstjórar tilkynna til leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra ef slyshættur eru fyrir hendi og er haft samband við viðeigandi aðila til að koma og gera úrbætur ef það er utan okkar getu.

Áfallaráð

Í Baugi starfar áfallaráð en það er kallað saman þegar upp koma mál sem falla undir áföll. Unnin hefur verið áfallaáætlun sem ráðið nýtir þegar bregðast þarf við af hálfu leikskólans. Í áfallaráði sitja fimm starfsmenn leikskólans.

Viðhald

Í sumarlokun var hafist handa við málningarvinnu í leikskólanum. Yngri deildir, gangar, matsalur og fataherbergi voru máluð og nú í september er verið að mála það sem eftir stóð. Gera þarf breytingar á sérkennsluherbergjunum Helli og Dyngju en þar þarf að setja upp lokaðar hirslur. Setja þarf upp skápa í fundarherbergi og aðgengilegan skáp fyrir kennslugögn í miðrými. Vinnurými kennara er verulega ábótavant en meginvandinn er plássleysi og léleg loftgæði - Leggjast þarf yfir lausn á þessu. Við höfum lengi beðið eftir vagna og hjólageymslu sem er orðið alger nauðsyn. Einnig bíðum við og vonum að lóð leikskólans fái viðhald sem allra fyrst.

Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsári

Innra mat

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á

vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað til þess að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrár sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Síðast liðið haust óskuðum við í Baugi eftir að leikskólinn fengi ytra mat á vegum Menntamálastofnunar en var því hafnað. Við komum til með að sækjast eftir ytra mati aftur í haust.

Stöðugt er verið að meta starfið sem á sér stað í leikskólanum með óformlegu mati. Það er metið á deildarfundum, deildarstjórafundum, nefndar/teymisfundum og starfsmannafundum svo eitthvað sé nefnt. Spurningar á borð við hvað gekk vel og hvað hefði mátt gera betur eru spurðar ítrekað með það fyrir augum að gera betur.

Heilt yfir gekk síðasta skólaár vel þrátt fyrir nokkuð strembinn og snúinn vetur. Deildarstjórar gerðu annála þar sem litið var yfir farinn veg og heilt yfir lagt mat á vetrarstarfið. Foreldrar fengu annálana senda í tölvupósti. Í annálanum var sammælt að mikið hefði verið brallað og gleðin við völd. Námsviðið *Læsi og samskipti* var metið sérstaklega að þessu sinni en hver deild mat einnig starfið út frá hverjum þætti í *dagskipulagi*.

Námssvið

Námssviðið *Læsi og samskipti* var sérstaklega metið fyrir sl. skólaár samkvæmt fyrirmælum og matskvarða frá leikskóladeild. Ef mat deilda er dregið saman sýnir heildarmyndin að heilmikið rými er fyrir sköpun og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn fá að njóta þeirra þátta sem Aðalnámskrá leikskóla leggur upp með. Helst mætti bæta við að fara meira í vettvangsferðir og kynnast þannig hinum ýmsu sviðum menningar og lista. *Sjá ítarlega í umbótaáætlun.*

Dagskipulag

Hver deild fyrir sig mat starfið út frá hverjum þætti í dagskipulagi. Allri þættir koma vel út en vissulega er úrbóta þörf í einhverjum þáttum. *Sjá ítarlega í umbótaáætlun.*

Ytra mat

Matsteymi um ytra mat á gæðum leikskólastarfs í Kópavogi hóf úttekt á gæðum innra mats í leikskólum sveitarfélagsins haustið 2020. Við matið eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014.

Mat þetta er sett fram í þeim tilgangi að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfinu. Niðurstöðurnar eru leiðbeinandi og þarf ávallt að skoða þær í samhengi við sérstöðu viðkomandi leikskóla og ekki sem algildan mælikvarða á gott verklag.

Niðurstöður matsins gáfu vísbendingu um að efla þarf markvisst mat til muna hjá okkur í Baugi samkvæmt eftirfarandi ábendingum sem við höfum nú þegar tekið til greina og endurskoðunar í verkferlum okkar:

- Leiðir að innra mati þurfa að vera mun fjölbreyttari, markvissari og skýrari.
- Huga þarf að gerð nýrrar skólanámskrár.
- Gera þarf betur grein fyrir mati og vinna betur úr niðurstöðum þeirra kannana sem gerðar hafa verið.
- Sjálfsmatskvarði er notaður við mat á líðan starfsfólks og mætti úrvinnslan úr honum vera sýnilegri í umbótaáætlun.
- Gagna þyrfti að vera aflað á fjölbreyttari hátt og hæfa viðfangsefninu betur. Börn og foreldrar koma lítið sem ekkert að mati á skólastarfi.
- Kynna þarf að niðurstöður innra mats betur fyrir hagsmunaaðilum.
- Fagleg umræða og ígrundun er til staðar í daglegu starfi en mætti vera sýnilegri í gögnum skólans.
- Engin úrbótaáætlun er til fyrir skólann og þarf að huga að gerð hennar.
- Stofna þarf matsteymi við skólann.

Umbótaáætlanir

Umbótaáætlun er unnin út frá deildarmati sem er gert að vori. Allar deildir leikskólans meta starfið út frá hverjum þætti í dagskipulagi. Eftir næstu matshrinu verða gerðar umbótaáætlanir er varðar afmarkaðri þætti starfsins. Hér er einnig að finna umbótaáætlanir deilda og umbótaáætlun er varðar allt mat í leikskólanum en því hefur verið ábótavant, betur má ef duga skal.

Foss umbótaáætlun

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stöðvavinna	Höfð á morgnana og eftir hádegi	Vera duglegri að nota valtófluna	Allir	9/16/2021		Huglægt mat - markvissari vinna.	Áhugssöm börn. Valdefling
Turninn	Fjölbreytt efnisval ; Holokub, þrautabr	Skipulagðar stundir og einhver með yfirumsjón	Allir	9/16/2021		Hvort skipulagðar hreyfistundir hafi átt sér stað	Glöð börn
Útivera e.h	Vera samtaka með útiveru	Láta ekki liða of langan tíma, áður en farið er út. Skapast öróleiki.	Allir	9/16/2021		Skipulag og vakandi starfsfólk	Meiri tími og meiri ró yfir deild og fataherbergi
Blær og Lubbi	markvissara starf	Lubba + Blæstund 1 x í viku	Allir	9/16/2021		Tekið fyrir á deildarfundum	Áhugasöm börn

Lundur umbótaáætlun

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Avaxtastund	að þau þurfi ekki endilega að setjast öll saman niður.	Hafa ávextina í skál og börnin geta fengið sér ef þau vilja	Allir	20.sept	5.júlí 2021	Skrá niður hvernig gengur	Að börnin fá að njóta sín betur í avaxtastund og þurfi ekki að hætta í leik
Frjálsi leikurinn	meiri fjölbreytni	skipta hópnum í minni hópa	Allir	1.sept	5.júlí 2021	Fylgjast með leiknum og skrá niður hvernig leikurinn	Fái að njóta sín í frjálsa leiknum "án trúflunar" kennara
Vettfangsferðir	stuttar ferðir	Skipta upp hópnum og fara í vettfangsferðir	Harpa	1.okt	5.júlí 2021	Skráning á ferðum - rætt á deildafundun hvert er hægt að fara	Að börnin kynnist nærumhverfinu og vikki sjóndeildahringin og kynnist umferðareglum
Turninn	Hafa meiri fjölbreytileika og skipulagið meira	Skipta hópnum upp og hafa meira ákveðin verkefni til að gera	Allir starfsmenn á yngri gangi	20.sept	5.júlí 2021	Skrá niður hvað er gert í Turninum á mánuðegi og síðan rætt á deildafundi	Að börn læri hina ýmsu leiki og æfi grófhreyfingar

Mýri umbótaáætlun

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samvera	Höfð á morgnana og seinnipart	Sleppa samveru í hádegi og hafa á morgnana og seinnipart	Allir	9/13/2021		Huglægt mat - liðan barna	Samverustundir áhugaverðar í mati barna
Turninn	Skipulagðar hreyfistundir og einhver með yfirumsjón	Skipulagðar hreyfistundir og einhver með yfirumsjón	Særós	9/23/2021		Hvort skipulagðar hreyfistundir hafi átt sér stað	Umsögn barna og kennara.
Hvild	Með hópinn sem á erfitt með að hvílast	Brjóta upp hvild með t.d. Núvitund/yoga Margrét H.	Margrét	9/27/2021		Hversu oft stundirnar eru	Liðan barna og frásögn

Rjóður umbótaáætlun

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Morgunflæði	Börnin hafi aðgengi að efnivið til leiks strax við komu i leikskólann	Leggja fram 2 - 3 kveikjur i upphafi dags þegar leikskólinn opnar en jafnframt að börnin fái að velja sinn efnivið ef þau óska eftir því	Allir	strax við opnun i ágúst 2021	7.1.2022	Huglægt mat, ánægja barna i morgunflæði	Finum við meiri ró yfir morgunflæðinu?
Morgunmatur	virkar vel				7.1.2022		
Ávaxtastund	Taka út stund sem heitir ávaxtastund i dagskipulagi þar sem börnin fengu ávexti og hlustuðu á sögu og hafa hana i morgunflæðinu eins og við gerum oft en festa ávaxtastundina i flæði og hafa þá sér stund sem heitir sögustund fyrir hópstarfið	Setja ávaxtaskálarar fram i morgun flæðinu og hafa sér sögustund	Allir	9/20/2021	7.1.2022	Deildarfundir - umræða á deildarfundum, huglægt mat Barnaþing - skoðun barnanna rædd á barnaþingi og metin árangur úrfrá því	Ánægja barna við ávexti i flæði
Sögustund	Gera sögustundina sem áður var á sama tíma og ávaxtastund ánægulegri	Hætta að bjóða uppá ávexti i ávaxtastund, hafa þá i morgunflæðinu og hafa sér sögustund þar sem er lesin bók, framhaldssaga, bókaromsbók þega kemur að honum eða annars konar sögur i hinum ýmsu útgáfum	Allir	9/20/2021	7.1.2022	Deildarfundir - umræða á deildarfundum, huglægt mat Barnaþing - skoðun barnanna rædd á barnaþingi og metin árangur úrfrá því	Ánægja barna við sögustundir

Hópstarf	Hafa hópstjóra með hvern hóp innan deildar (3 hópar áfram)	Að hópstjóri hafi yfirumsjón með hópnum sínum, hópstjóri beri ábyrgð á að námsþáttum aðalnámskrár leikskóla og nákskrá Rjóður sé fyllt eftir séu uppfylltir	Elna og hópstjóri hvers hóps fyrir sig	strax við opnun i ágúst 2021	7.1.2022	Deildarfundum, spyrja okkur hvort við séum að ná að framfylgja dagsskipulagi sem búið er að setja fram með þeim námsþáttum sem aðalnámskrá leikskóla setur fram	Skoða starf vetrarins til að sjá hvort öllum námsþáttum aðalnámskrár hafi verið framfylgt
Hádegissamvera	syngja meira	útbúa lög mánaðarins með tilliti til áhuga barnanna, hafa söngtexta aðgengilega	Elna og hópstjórar	strax við opnun i ágúst 2021	7.1.2022	Deildarfundir - umræða á deildarfundum Barnaþing - skoðun barnanna rædd á barnaþingi og metin árangur úrfrá því	kunna börnin fleiri söngtexta i lok vetrar
Útivera	virkar vel				7.1.2022		
Flæði i lok dags	Börnin hafi aðgengi að efnivið til leiks strax eftir kaffitíma	Leggja fram 2 - 3 kveikjur sem börnin hafa aðgengi að þegar kaffitíma líkur en jafnframt að börnin fái að velja sinn efnivið ef þau óska eftir því	Allir			Huglægt mat, ánægja barna i flæði i lok dags	Finum við meiri ró yfir flæði i lok dags
Turninn	virkar vel				7.1.2022		

Brekka umbótaáætlun

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Matartími	Auka sjálfstæði barnanna, að þau fái tækifæri til að efla færni sína	Fara í matstofu, leyfa þeim að skammta sér sjálf, velja sér sæti, skera, hella og smyrja	Allir starfsmenn	9-Aug	1 júlí '22	Metið á deildarfundum og matstofufundum, skráningar (myndbands og skriflegar)	Börnin auki færni sína og sjálfstæði, læri að hella, skammta og smyrja
Ávaxtastund	Þægilegri og notalegri fyrir börnin	Ávextir hafður í skálum og börnin mega ganga í á meðan þau eru í leik	Allir starfsmenn	1-Sep	1-Jun	Fylgjast með upplifun barnanna, skráningar	Börn og starfsfólk finnst ávaxtatíminn notalegri, sjáum að börnin geta metið sjálf hvort og hversu mikið þau vilja af ávöxtum
Útivera	Meiri fjölbreyttni, fleiri vettvangsferðir	Finna skapandi og áhugaverð viðfangsefni fyrir börnin, ákveða daga til að fara í vettvangsferðir	Allir starfsmenn	1-Oct	1. júlí '22	Metið með skráningum og upplifun barna og starfsfólks	Börnin upplifi fjölbreyttari viðfangsefni úti og að starfsfólki finnst skemmtilegra í útiveru
Frjáls leikur/flæði	Fara í meira flæði með börnunum, auka samvinnu í leik og skapandi starfi milli deilda, auka markvissa málörvun	Skipuleggja flæðisdaga, helmingur úti en hinn inni í flæði öll saman. Fjölbreyttur og skapandi efniviður, turninn, markviss málörvun	Allir starfsmenn á yngri gangi	20.sept	1. júní '22	umræður á deildar- og gangafundum, upplifun barnanna og starfsfólks af auknu samstarfi, TRAS (málþroski og félagsþroski)	Fjölbreyttari tækifæri til leiks, skapandi starfs og málörvunar, framfarir í málþroska
Hvild	Meiri ró og betri skilyrði til leiks eftir hvild	Sameiginlegar lengdarskiptar hvildir, börn sem sofa stutt fara í hvild inni á Lundi og svo er sú deild laus	Starfsmenn á yngri gangi	byrjun nóvember	1. júlí '22	umræður á gangafundi, lengd og gæði svefnis barnanna	Verður meira úr tíma eftir hvild, ríkari tækifæri til leiks án þess að trufla sofandi börn, meiri ró á gangi

Hlíð umbótaáætlun

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Opið flæði	Halda áfram			allt árið	allt árið		
Ávaxtastund	Hafa 5 hóp á Skógi	Hafa hópstjóra sem er með sinn hóp og sér um stundina	Hópstjóri	allt árið	allt árið	Metið á deildarfundum	Ná að hafa markvissar ávaxtastundir með hópstjóra
Hópavinna	Í ár verðum við með hópstjóra með hverjum hópi sem sinnir öllum námssviðum innan síns hóps.	Hafa hópstjóra sem sér um hópavinnu þar sem öll námssvið koma fyrir markviss í hverri viku. Nota námsskrána. Hópstjóri sér um ferilmöppu og ljósmyndaskráningar	Hópstjóri	allt árið	allt árið	Metið á deildarfundum, Skoða ferilmöppur, ljósmyndaskráningar og námssviðsskráningar hjá hvort öðru	Ná að fara yfir öll námssvið í hverri viku og skráningar frá því verði tilbúnar í lok árs. Ferilmöppur fullbúnar í lok árs og ljósmyndaskráningar tilbúnar í sinni í mánuði.
Samstarf næsta elsta árgangs	Í ár ætlum við ekki einungis að nýta Skóg, heldur nýta meira Foss, miðgang og útiveru. Við ætlum einnig að nýta samstarf í að samræma hvernig er unnið með þennan árgang	Halda samstarfinu og taka umræðu um hvar samstarf á sér stað og hvað á að gera	Deildarstjóri og hópstjóri	allt árið	allt árið	Hópstjórar hittist um 1 sinni í mánuði til að ræða samstarfið og heyri hvað hinir eru að gera, samræmi sig, vinni svipað að námssviðunum	Að börnin í næst elsta árgangi hittist og ná að eiga góðar stundir saman og vinni að sömu námsmarkmiðum
Söngstund	Það eru fleiri börn á Hlíð í ár og því ákvæðum við að skipta í 2 ávaxtastundir í stað 1	Hafa hópaskiptingu/minni hópa	Starfsmenn Hlíðar	allt árið	allt árið	Metið á deildarfundum	Að öll börn njóti sín í söngstund í minni hóp
Útivera	Halda áfram			allt árið	allt árið		
Matstofa	Halda áfram			allt árið	allt árið		
Hvild	Í ár eru nokkur börn í hvild sem er breyting frá því í fyrra	Hafa hvild	starfsmenn í Skógi	allt árið	allt árið	Metið á deildarfundum	Að börnin nái að hvílast smá

Umbótaáætlun vegna endurmats

Skipuð hefur verið matsnefnd sem mun ramma inn árlegt mat leikskólans og gera skýra ferla hvað það varðar.

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mat deilda	Skipuleggja betur	Hafa ramma fyrir mat einfaldan og aðgengilegan	Stjórnendur	sep.21	agúst 2022	umræður og deildarstjórafundir	Gögn eru til staðar
Mat á viðburðum	Hefur vantað markvisst mat	Gera markvisst mat á viðburði innan viku frá því hann á sér stað	Stjórnendur	sep.21	agúst 2022	umræður og deildarstjórafundir og matsblað	Gögn eru til staðar
Mat barna	Hefur vantað markvisst mat	Vinna mat með börnum á vorönn 2022	Stjórnendur	jan.21	agúst 2022	Matsskema sem er aðgengilegt öllum	Gögn eru til staðar
Mat foreldra	Betra samstarf	Gera foreldrakönnun	Stjórnendur	feb.-maí 2021	agúst 2022	Samstarf rætt í foreldraviðtölum - Rafræn foreldrakönnun gerð á vorönn	Gögn eru til staðar
Mat teyma	Hefur vantað markvisst mat	Setja upp matsramma	Stjórnendur	sep.21	agúst 2022	Metið með sama hætti og deildir meta	Gögn eru til staðar
Mat starfsmanna	Betra samstarf	Gera starfsmannakönnun	Stjórnendur	feb.-maí 2021	agúst 2022	Liðan og væntingar ræddar í starfsmannaviðtölum og rafræn starfsmannakönnun gerð	Gögn eru til staðar

Lokaorð

Síðasti vetur var heilt yfir skemmtilegur og árangurrikur en Covid ástandið hafði óneitanlega áhrif á ýmsar áætlanir. Við í skólasamfélaginu eru sérfræðingar að sníða okkur stakk eftir vexti og gerðum við svo sannarlega.

Við leggjum af stað inn í þennan vetur full bjartsýni og vonum innilega að nú muni heimsfaraldur ekki hamla okkur í framþróun og stefnubreytingum. Við ætlum að leggja línur að aldursblönduðum deildum, klára námskrána okkar, setja kraft í innleiðingu Uppeldi til ábyrgðar ásamt ýmsu öðru sem farið hefur verið yfir hér að framan. Eins og alltaf leggjum við mesta áherslu á að hafa gaman því það er árangursrík leið til að öllum líði vel og þróun eigi sér stað.

Umsögn foreldraráðs

Mat á starfsáætlun 2021-2022

Það er eitt af hlutverkum foreldraráðs að gefa umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt.

Áætlunin er faglega unnin og sett fram með skýrum hætti. Hún endurspeglar vel helstu viðfangsefni og áherslur í starfssemi leikskólans og tekur saman með skýrum hætti hvaða leiðir eru farnar til þess að ná fram þeim atriðum. Við lestur áætluninnar er auðvelt að fá góða tilfinningu fyrir því hvernig starfssemin er skipulögð hvað varðar börnin, starfsmenn og samstarf við foreldra. Greinagóð áætlun er sett fram fyrir starfssemi leikskólans á komandi skólaári sem virðist fléttast vel helstu áherslupáttum leikskólans, bæði hvað varðar sértækar aðgerðir sem og daglegum, þar sem leitast er við að stuðla ávallt að vellíðan barnanna.

Við lestur áætluninnar fæst góð yfirsýn yfir þær aðgerðir og breytingar sem hafa átt sér stað á árinu sem stefnt er að vinna áfram að, til að mynda því sem snýr að aldursblöndun deilda, breyttu sniði sérkennslumála og verkefninu Sögupokar í hlutverki sagnaeiðs.

Það er vissulega ekki hægt að horfa framhjá því að Covid-19 ástandið hefur sett mark sitt í starfið árinu, þá sérstaklega því sem snýr að foreldra samvinnu og viðburðum, en einnig má lesa út frá áætlunni að það hafi haft áhrif á námskeið starfsmanna sem vonandi verður ekki raunin árið 2022.

Í heildina telur foreldraráð að áætlun þessi sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er.

F.h. foreldraráðs,

Gyða Kristjánsd. 30.09.21 - Kópavogur

Skóladagatal

Leikskólinn Baugur

Skóladagatal 2021 - 2022



ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ						
1 S	1 M	1 F	1 M	Furðudagur	1 M	Fulveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ	Kaffiból	1 Þ		1 F	1 S	Venjakýldagurinn	1 M
2 M	Friðdagur venkunnarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 M	2 L	2 M	2 M	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	Ljúkvangs Vaxliðadagur	3 M	Skipulagsdagur	3 F	3 F	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M	Athafni Baugs	4 F	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 M	4 M	4 M	4 L	4 L
5 F	Baugur opnar kl. 13.00	5 S	5 Þ	5 F	5 S	Jólaball foretrotlags (7)	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 L	5 F	5 S	Hvítasunnudagur
6 F	6 M	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	Þrettándinn	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 F	6 M	Annar í Hvítasunnu
7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 L	7 F	7 L	7 Þ	Helvika / Hjóladagur
8 S	8 M	Dagur basis	8 F	8 M	Sarílludagur gegn athafni Vaxliðvangs Athafni Baugs	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 S	8 F	8 S	8 M	Helvika / Hjóladagur
9 M	Adögun	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	Helvika / Hjóladagur
10 Þ	Adögun	10 F	Skipulagsdagur	10 S	10 M	10 F	Jólasamvera	10 M	10 F	10 F	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F	Ávátthátíðin
11 M	Adögun	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 L	11 Þ	11 F	Dagur íslenska tákmaláns	11 F	11 M	11 M	11 M	11 L	11 L
12 F	Adögun	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 S	12 M	12 L	12 L	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	Sjómannadagurinn
13 F	Adögun	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	Dotadagur	13 S	13 S	13 S	13 M	13 M	13 M	13 F	13 M	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 F	14 M	Bóludagur	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	14 F	14 L	14 Þ	Guðmundarfundur
15 S	15 M	15 F	Bakur dagur	15 M	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 Þ	Sprengidagur	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M
16 M	Adögun	16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F	16 S	16 M	Óskudagur	16 M	Skipulagsdagur*	16 L	16 M	16 F	17. júní hátíð
17 Þ	Adögun	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F	Lýðveldisdagurinn
18 M	Adögun	18 L	18 M	18 F	18 L	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L	18 L
19 F	Adögun	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 S	19 S	19 M	19 L	19 L	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	Útskriftarkeið (7)
20 F	Adögun	20 M	20 M	20 L	20 M	Dagur mannvélfinda barna	20 M	20 F	20 S	20 S	20 S	20 S	20 M	20 M	20 M	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 S	21 Þ	21 S	21 F	Blóndadagur	21 M	21 M	21 M	21 M	21 F	Dagur fjölskyldu	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M
23 M	Adögun	23 F	23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ	23 F	Þorlákunessmessa	23 S	23 M	23 M	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 F
24 Þ	Adögun	24 F	24 S	24 M	24 M	24 F	Adfangadagur jóla	24 M	24 F	24 F	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F	Sumarhátíð
25 M	Adögun	25 L	25 M	25 F	25 L	25 L	Jóladagur	25 Þ	25 F	25 F	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L	25 L
26 F	Adögun	26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ	26 F	26 F	Annar í Jólum	26 M	26 L	26 L	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S	Úppisgningartagur
27 F	Adögun	27 M	27 M	Bangsdagur	27 L	27 M	27 M	27 F	Þorablót Baugs	27 S	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 S	28 S	28 Þ	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 M	29 L	29 L	29 L	29 L	29 L	29 F	29 S	29 M	29 M
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 S	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 F
31 Þ		31 S			31 F	Gamlansdagur	31 M	31 M	31 F	31 F				31 Þ	31 F	31 F

Skipulagsdagur - Lokab
 Viðurður

Allar dagsetningar viðburða eru birtar með fyrirvara um breytingar